



SAMÞYKKT

um kjör og starfsaðstöðu kjörinna fulltrúa Sveitarfélagsins Hornafjarðar

1. gr.

Inngangur

Samþykkt þessi byggir á samþykktum um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar nr. 116/2021 sem og útgefnum viðmiðum Sambands íslenskra sveitarfélaga um launakjör kjörinna fulltrúa. Samþykktin fjallar um þóknun bæjarstjórnarmanna og fulltrúa sem skipaðir eru af sveitarstjórn í stjórnir, ráð og nefndir á vegum sveitarfélagsins.

2. gr.

Markmið

Markmið með ákvörðun um kjör fulltrúa er:

- Að kjörnir fulltrúar fái sanngjörn laun fyrir störf sín í þágu sveitarfélagsins.
- Að kjörnir fulltrúar njóti kjara sem eru sambærileg við það sem gerist í sambærilegum sveitarfélögum og ríkinu.
- Að kjör fulltrúa séu gagnsæ og endurspegli störf þeirra og ábyrgð.

3. gr.

Skilgreiningar

Kjörnir fulltrúar eru bæjarfulltrúar og aðrir kjörnir fulltrúar sem eru í nefndum og ráðum sveitarfélagsins, ýmist kosnir af íbúum í sveitarstjórnarkosningum, eða kosnir af bæjarstjórn í nefndir, ráð eða starfshópa, þar með talið svæðisráð Vatnajökulspjóðgarðs. Samþykkt þessi nær þó ekki til þeirra sem valdir eru til setu í nefndum og ráðum af hagsmunasamtökum eða öðrum þrátt fyrir staðfestingu bæjarstjórnar á setu þeirra í viðkomandi nefnd eða ráði.

Nefndir og ráð sveitarfélagsins samkvæmt reglum þessum eru bæjarstjórn, bæjarráð, fastanefndir, undirnefndir og ráð, stjórnir og samstarfsráð og verkefnabundnar nefndir samkvæmt 48. gr. samþykktar um stjórn og fundarsköp Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Þóknun er sú greiðsla sem kjörinn fulltrúi fær í tengslum við störf sín í bæjarstjórn, nefndum og ráðum fyrir Hornafjörð.



4. gr.

Viðmiðunarfjárhæð

Laun kjörinna fulltrúa skulu taka mið af þingfararkaupi eins og það er á hverjum tíma og greiðast samkvæmt því hlutfalli sem fram kemur í 7. gr. þessarar samþykktar.

Bæjarráð getur ákveðið aðrar hlutfallsskiptingu ef breyting verður á fyrirkomulagi eða störfum bæjarfulltrúa

5. gr.

Starfsaðstaða bæjarfulltrúa

Kjörnir fulltrúar hafa aðgang að starfs- og fundaraðstöðu með nettengingu í ráðhúsi á opnunartíma þess eftir því sem húsrúm og aðstæður leyfa.

Fulltrúar geta bókað aðstöðu fyrirfram hjá deildarstjóra skrifstofu- og þjónustudeildar.

Sveitarfélagið greiðir farsímakostnað bæjarfulltrúa í samræmi við reglur sveitarfélagsins um þátttöku í farsímakostnaði starfsmanna.

Bæjarfulltrúar fá greidda fasta fjárhæð vegna kaupa á tölvu, spjald- eða símtæki að fjárhæð kr. 175.000 á hverju kjörtímabili gegn framvísun kaupnótu.

6. gr.

Vinnuframlag kjörinna fulltrúa

A) Bæjarráð og bæjarstjórn:

Launum bæjarfulltrúa er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna starfa þeirra í þágu sveitarfélagsins, en þau snúa almennt að stefnumótun, eftirliti með starfsemi sveitarfélagsins og gæslu hagsmuna fyrir sveitarfélagið og íbúa þess.

Meðal þeirra starfa sem um ræðir eru fundarseta í bæjarstjórn, þátttaka í ráðstefnum um sveitarstjórnarmál, þátttaka í fundum við aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins, undirbúningur fyrir fundi, rýni gagna sem varða sveitarstjórnarmál, vinnufundir bæjarstjórnar, lestur ýmissa skýrslna og fundargerða og samskipti við íbúa og starfsfólk sveitarfélagsins.

Samkvæmt 22. gr. sveitarstjórnarlaga ber kjörnum fulltrúum að sækja alla þá fundi sem þau hafa verið kjörin til að sitja, nema lögbundin forföll hamli.



Allir fulltrúar skulu jafnframt hafa frumkvæði að bættri stjórnsýslu, telji þeir þörf á slíku, og koma ábendingum svo fljótt sem verða má á framfæri við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs og/eða forseta bæjarstjórnar.

Verkefni forseta bæjarstjórnar eru til viðbótar við framangreint m.a. að vera í samráði við sveitarstjóra um daglega stjórnun á starfsemi sveitarfélagsins, undirbúa mál fyrir bæjarstjórnarfundum, undirbúa og bera ábyrgð á dagskrá bæjarstjórnarfunda, stýra bæjarstjórnarfundum og hafa yfirumsjón með frágangi fundargerða/mála/erinda eftir fundi í samráði við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs og bæjarstjóra.

Verkefni formanns bæjarráðs eru til viðbótar við framangreint m.a. að undirbúa mál fyrir bæjarráðsfundi, undirbúa og bera ábyrgð á dagskrá bæjarráðsfunda, stýra bæjarráðsfundum og hafa yfirumsjón með frágangi fundargerða/mála/erinda eftir fundi í samráði við sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs og bæjarstjóra.

B) Aðrar nefndir og ráð

Launum annarra kjörinna fulltrúa og nefndarmanna er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna undirbúnings og þátttöku í fundum viðkomandi nefnda eða ráða, þannig að nefndarmenn geti verið vel inni í þeim málum sem til umfjöllunar eru.

Verkefni formanna annarra nefnda og ráða eru til viðbótar við framangreint m.a. að undirbúa mál fyrir fundi viðkomandi nefndar, undirbúa og bera ábyrgð á dagskrá viðkomandi funda, stýra fundum viðkomandi nefndar og hafa yfirumsjón með frágangi fundargerða/mála/erinda eftir fundi í samráði við viðkomandi starfsmann nefndarinnar.

Ef samþykkt er af hálfu viðkomandi nefndar og bæjarráðs að nefndarmenn sem ekki fá mánaðarlega þóknun sæki fundi, ráðstefnu eða aðra viðburði en reglubundna fundi nefndarinnar, sbr. 8. gr., er greitt aukalega fyrir það í samræmi við c eða d lið 7. gr.

7. gr.

Þóknun kjörinna fulltrúa

Þókun bæjarfulltrúa og annarra kjörinna fulltrúa er hlutfall af þingafarakaupi eins og það er hverju sinni.

Fyrir setu í nefndum og ráðum sveitarfélagsins er greitt fyrir fundarsetu en auk þess fá formenn fastanefnda sveitarfélagsins fasta þóknun 12 mánuði á ári sem ætlað er að standa straum af annarri vinnu tengdri sveitarstjórnarmálum sem eiga undir viðkomandi nefnd/ráð.



Aðalfulltrúar í bæjarstjórn fá auk þess greidda mánaðarlega fasta þóknun 12 mánuði á ári. Greiðsla fastrar þóknunar hefst 1. júní þess árs sem kosið er og lýkur 31. maí fjórum árum síðar, sbr. þó 12. gr.

Um þóknun áheyrnarfulltrúa í bæjarráði gilda sömu reglur um þóknun og um aðalfulltrúa í bæjarráði.

Varafulltrúar fá greidda þóknun vegna fundarsetu sem aðalfulltrúar fyrir hvern heilan setinn fund.

Varafulltrúar í bæjarráði fá greidda mánaðarlega fasta þóknun 12 mánuði á ári, en auk þess fá þeir greitt fyrir hvern setinn fund í bæjarráði samkvæmt b lið 7. gr.

Varafulltrúar sem taka sæti í bæjarstjórn eða bæjarráði í einstökum málum fá greidda þóknun sem nemur 25% af þóknun fyrir fundarsetu, óháð fjölda mála sem þeir taka þátt í á fundinum.

Þóknun kjörinna fulltrúa skal greidd út mánaðarlega samhliða launagreiðslum starfsfólks sveitarfélagsins. Greiðsla fer fram um mánaðarmót fyrir tímabilið frá 20. degi fyrri mánaðar til 19. dags líðandi mánaðar.

Orlof telst innifalið í föstum mánaðarlaunum og nefndarsetulaunum.

Þóknun kjörinna fulltrúa er sem hér segir:

A) Bæjarstjórn

Forseti bæjarstjórnar, mánaðarþóknun 15%.

Forseti bæjarstjórnar 5% fyrir setinn fund.

Aðalfulltrúi í bæjarstjórn, mánaðarþóknun 10%.

Aðalfulltrúi í bæjarstjórn 5% fyrir setinn fund.

Varafulltrúi í bæjarstjórn, mánaðarþóknun 5%.

B) Bæjarráð

Formaður, mánaðarþóknun 25% - fundaseta innifalin.

Aðalmaður, mánaðarþóknun 18% - fundaseta innifalin..

Varamaður, mánaðarþóknun 5%.

Varamaður 3,5% fyrir setinn fund.



C) Fastanefndir

Formaður, mánaðarþóknun 3%.

Formaður 3% fyrir setinn fund.

Aðalmaður 2,5% fyrir setinn fund.

Áheyrnafulltrúi ungmennaráðs 1,5% fyrir setinn fund.

Þóknun fyrir fundarsetu aðalmanns heilan dag utan nefndarfunda 3%.

Þóknun fyrir fundarsetu aðalmanns hálfan dag eða minna utan nefndarfunda 1,7%.

D) Undirnefndir og ráð

Formaður, mánaðarþóknun 2,5%.

Formaður 2,5% fyrir setinn fund.

Aðalmaður 2% fyrir setinn fund.

Þóknun fyrir fundarsetu aðalmanns heilan dag utan nefndarfunda 2,5%.

Þóknun fyrir fundarsetu aðalmanns hálfan dag eða minna utan nefndarfunda 1,5%.

8. gr.

Þóknun vegna funda og ráðstefna utan sveitarfélags

Greidd er þóknun fyrir fundarsetu, ásamt þátttökugjaldi, sé nefndarmanni falið að mæta með ákvörðun bæjarstjórnar, bæjarráðs eða fastanefndar á fund utan sveitarfélags. Greitt er fyrir heilan eða hálfan dag skv. c eða d lið 7. gr. Um þóknun til fulltrúa í bæjarráði og bæjarstjórn fer í samræmi við ákvæði um fundarsetu í heilan og hálfan dag samkvæmt c-lið 7. gr.

Við slíka ákvörðun skal bæjarstjórn, bæjarráð eða fastanefnd líta til þess hvort ótvíræðir hagsmunir séu af því fyrir sveitarfélagið að eiga fulltrúa á viðkomandi viðburði. Ef um er að ræða beina hagsmunagæslu fyrir sveitarfélagið skal veita samþykki en fara yfir kosti þess að eiga fulltrúa á viðkomandi viðburði að öðru leyti ef ekki er um beina hagsmunagæslu að ræða, svo sem tengslamyndun vegna mikilvægra málaflokka, fræðslu sem nýtist í störfum eða ef viðkomandi fulltrúa stendur til boða að kynna sveitarfélagið eða ákveðin verkefni sérstaklega.

Í þeim tilvikum þar sem nefndarmaður sækir fund án samþykkis sbr. framangreint er ekki greidd þóknun.



9. gr.

Þóknun fyrir setu í nefndum, ráðum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga

Þóknun fyrir setu í nefndum og stjórnnum á vettvangi samstarfs sveitarfélaga er greidd af viðkomandi samtökum, nema um annað sé samið sérstaklega.

Greiði sveitarfélagið fyrir slíka setu samkvæmt ákvörðun bæjarstjórnar skal greiða sem nemur 2% af viðmiðunarfrárhæð nema annað sé tekið fram í ákvörðun bæjarstjórnar.

10. gr.

Starfshópar/vinnuhópar/verkefnislið

Ákveði bæjarstjórn, bæjarráð eða fastanefnd að setja á fót starfshóp, vinnuhóp eða verkefnislið skal koma fram í bókun þar sem slík ákvörðun er tekin ef lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu. Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna launa vinnuhóps í samþykktri fjárhagsáætlun þarf að óska eftir samþykki bæjarráðs fyrir fjárveitingu vegna þess áður en vinna hópsins hefst.

Erindisbréf skal leggja fyrir bæjarráð til samþykktar og skal það innihalda meðal annars tilgang og markmið með stofnun ásamt kostnaðar og tímaáætlun þar sem fram kemur hvenær starfshóp/vinnuhóp er ætlað til að skila niðurstöðu.

Fyrir hvern setinn fund í slíkri vinnu skal greiða sem nemur 2% af viðmiðunarfrárhæð nema annað sé tekið fram í erindisbréfi.

11. gr.

Laun kjörstjórnar

Fulltrúar í yfirkjörstjórn og undirkjörstjórnnum fá greidda þóknun fyrir undirbúning kosninga, vinnu á kjördag og frágang að kosningum loknum í samræmi við erindisbréf kjörstjórna.

Fyrir setu í yfirkjörstjórn er greidd þóknun fyrir tvo fundi, upphafsfund og skilafund, samkvæmt ákvæðum c liðar 7. gr. auk eins upplýsingafundar með undirkjörstjórnnum. Fyrir setu í undirkjörstjórn er greidd þóknun fyrir upplýsingafund með yfirkjörstjórn. Að öðru leyti er greitt samkvæmt tímagjaldi fyrir unnar klukkurstundir og skal miðað við launaflokk 122-0 í kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Afls starfsgreinafélags fyrir fulltrúa í undirkjörstjórn og launaflokk 133-0 fyrir fulltrúa í yfirkjörstjórn. Miða skal við yfirvinnu 2 samkvæmt framangreindum kjarasamningi vegna vinnu sem fer fram eftir kl. 17:00 á virkum degi eða um helgar. Að auki er greitt fyrir akstur í samræmi við 14. gr.

Þóknun er greidd út í einu lagi eftir kjördag í kjölfar þess að yfirkjörstjórn skilar tímaskýrslu yfirkjörstjórnar og undirkjörstjórna til launafulltrúa.

12. gr.

Laun í veikindum

Kjörnir fulltrúar sem eru á föstum mánaðarlaunum eiga rétt á veikindaleyfi í allt að þrjú mánuði, þó eigi lengur en til loka kjörtímabils. Greiðslur vegna veikinda miðast við föst laun, án fundarsetu. Skila skal inn læknisvottorði til launadeildar. Greiðslur falla niður ef fulltrúi lætur af störfum af öðrum ástæðum.

Mánaðarlaun bæjarfulltrúa skerðast ekki vegna tilfallandi forfalla á hluta eða heilum fundi, enda er gert ráð fyrir að viðkomandi hafi tekið þátt í undirbúningi vegna fundarins með yfirferð gagna og samráði við aðra bæjarfulltrúa. Ef bæjarfulltrúar eru frá störfum um lengri tíma falla launagreiðslur sjálfkrafa niður að eftir þrjú mánuði.

Aðalmaður í sveitarstjórn sem forfallast skal tilkynna forföll til sviðsstjóra stjórnsýslu- og fjármálasviðs með hæfilegum fyrirvara og svo fljótt sem verða má.

13. gr.

Lífeyrisréttindi og tryggingar

Sveitarfélagið heldur eftir iðgjaldi í lífeyrissjóð af þóknunum bæjarfulltrúa skv. ákvæðum laga um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða nr. 129/1997. Greitt er iðgjald í Brú lífeyrissjóð nema óskað sé eftir að greitt sé í annan lífeyrissjóð.

Iðgjald kjörinna fulltrúa í lífeyrissjóð skal vera 4% gegn 11,5 % mótframlagi sveitarfélagsins. Um viðbótarlífeyrissjóðsgreiðslur fer einnig samkvæmt framangreindum lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Mótframlag sveitarfélagsins er 2% en framlag bæjarfulltrúa getur verið allt að 4%.

Bæjarfulltrúar eru tryggðir fyrir slysum sem verða í starfi eins og annað starfsfólk sveitarfélagsins.

14. gr.

Um ferðir og gistingu

Bæjarfulltrúarfulltrúar eiga rétt á greiðslu ferða- og dvalarkostnaðar, sbr. 32. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, vegna þátttöku í fundum, ráðstefnum, þingum og kynnisferðum utan sveitarfélagsins, sem bæjarfulltrúum er gefinn kostur á að sækja sbr. 8. gr.



Ætíð skal leitast við að ferðast á sem hagkvæmastan hátt, t.d. nýta ökutæki sveitarfélagsins, leigja bíl eða samnýta ferðakosti ef mögulegt er. Bókanir á flugferðum og gistingu skulu fara í gegnum þjónustufulltrúa/gjaldkera sveitarfélagsins með samþykki fjármálastjóra.

Stuðst er við verklagsreglur sveitarfélagsins um ferðalög starfsmanna þar sem þessum reglum sleppir.

- a. Ef hægt er að fljúga fram og til baka samdægurs skal kjörinn fulltrúi gera það
- b. Ef ekki er unnt að ferðast fram og til baka skal bóka flug deginum áður og við fyrsta tækifæri heim Ef hægt er að fljúga fram og til baka samdægurs skal starfsmaður gera það
- c. Ef ekki er unnt að ferðast fram og til baka skal bóka flug deginum áður og við fyrsta tækifæri heim en þó aldrei síður en innan næsta sólarhrings eftir viðburð.
- d. Ef flug er ekki raunhæfur kostur, skal bóka bílaleigubíl. Miðað er við að ekið sé degi fyrir viðburð og heim daginn eftir ef ekki er raunhæft að keyra heim samdægurs.
- e. Í samráði við fjármálastjóra getur fulltrúi gert samkomulag um að nýta eigin bifreið til ferðalagsins. Í þeim tilfellum greiðir sveitarfélagið kjörnum fulltrúa ferðakostnað í samræmi við ferðareglur starfsmanna sveitarfélagsins eins og þær eru hverju sinni.
- f. Miðað er við að þóknun sé greidd vegna ferðatíma ef reglur um fundartíma skv. c eða d lið 7. gr. eiga við vegna ferða sem taka lengri tíma en tvær klukkustundir.
- g. Eldsneytiskostnaður er greiddur af vinnuveitanda gegn framvísun kvittana ef fulltrúi fer á bílaleigubíl.
- h. Greitt er fyrir mat og annan nauðsynlegan útlagðan kostnað gegn framvísun kvittana en þó ekki að upphæð hærri en 5000 kr. á dag (eldsneyti ekki meðtalið). Ef matur er innifalinn í viðburði skal fulltrúi nýta sér það og á ekki kost á að fá endurgreitt kjósi hann að nýta sér það ekki.
- i. Um ferðakostnað erlendis gildir hið sama og í h-lið hér að framan en fulltrúar skulu fá samþykki bæjarráðs fyrir öllum slíkum ferðum og útgjöldum fyrirfram. Bæjarfulltrúi skal hafa samráð við fjármálastjóra áður en ferðamáti er ákveðinn.
- j. Akstur fulltrúa vegna starfa í þágu sveitarfélagsins, m.a. á nefndarfundi, á eigin bifreið er greiddur eftir akstursdagbók eða reikningi milli heimilis og fundarstaðar enda sé vegalengdin



lengri en 20 km. Miðast þóknun samkvæmt þessum lið við kílómetragjald skv. ferðareglum starfsmanna sveitarfélagsins.

15. gr.

Um fjármálaráðstefnu, landsþing Sambandsins og ársþing SASS

Að afloknum sveitarstjórnarkosningum skal bæjarstjórn kjósa sér fulltrúa sem fara með atkvæði sveitarfélagsins á landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga og ársþing SASS ásamt varamönnum. Auk þeirra skal öllum aðalfulltrúum í bæjarstjórn vera heimilt að sækja ársþing SASS, sem og fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga. Forfallist aðalmaður skal varafulltrúa vera heimilt að sækja fundina í hans stað.

16. gr.

Skil á skýrslu

Viðkomandi fulltrúi ber ábyrgð á að koma réttum upplýsingum um fundarsetu og kostnað að öðru leyti til launafulltrúa sveitarfélagsins fyrir 20. hvers mánaðar fyrir yfirstandandi tímabil samkvæmt 7. gr. þessara reglna.

17. gr.

Þóknun í öðrum tilvikum

Bæjarráð tekur ákvörðun um þóknun kjörinna fulltrúa í þeim tilfellum þar sem ákvæði samþykktar þessarar eru ekki skýr um framkvæmd.

18. gr.

Gildistími

Reglurnar taka gildi 1. júní 2026 og um leið fellur eldri samþykkt um kjör fulltrúa, dags. 11.12.2025, úr gildi.

Samþykkt í bæjarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar þann 12. maí 2026.

Sigurjón Andrésson

Bæjarstjóri